

Þegar kemur að umhverfisvænum tölvubúnaði er
HP leiðandi vörumerki!



Með HP getur þú sett umhverfið í forgang og á sama tíma fengið forskot hvað varðar afköst, öryggi og tækni. HP er stöðugt að finna leiðir til að **nýta betur umhverfisvæn efni**, til dæmis með því að nota endurunnið plast, gler og endurunna málma í framleiðslu á búnaði. Með HP tækni helst orkunotkun í lágmarki þó að afkastageta sé í hæsta gæðaflokki.



Víð elskum
tölvukerfi

HP Dragonfly

Fyrsta fartölva heimsins úr **endurunnu sjávarplasti** (OBP). Hápróuð vél frá HP sem er minna en 1 kg að þyngd og inniheldur alla þá eiginleika sem þú þarft fyrir breytilegt umhverfi nútímans.

HP Dragonfly er með öllum helstu öryggiseiginleikum HP auk þess að vera með frábæra 5MP vefmyndavél, snertiskjá og þriggja ára ábyrgð á vél og rafhlöðu.



HP Elite x360

Vertu í fararbroddi og skaraðu fram úr með fartölvu sem hægt er að breyta í spjaldtölvu, hámarkar afköst, hljóð og mynd eftir því hvar og hvernig þú vinnur. Framleidd úr **90% endurunnu magnesíum**. Hönnun hinnar mögnuðu HP Elite x360 1040 er sveigjanleg, býður upp á marga tengingarmöguleika og gríðarlegt öryggi.

HP EliteBook 840/860

Hefur marga uppfæranlega íhluti eins og minni, harðan disk og WWAN kort (LTE/5G), sem þýðir að fyrirtæki þitt getur aðlagð vélina að notendum eftir því hvernig þeir vinna og hvaðan. Slíkt lengir líftíma vélarinnar og heldur henni uppfærðri í takt við óskir notandans.





HP EliteBook 640

Með EliteBook færðu enn meiri afkastagetu og flotta hönnun. Hagkvæm og öflug fartölva með öllum þeim eiginleikum sem þú þarft til að vinna nánast hvar sem er. Topp hlíf og botn hlíf eru úr **endurunnu áli** auk þess sem lyklaborðið er að hluta til gert úr **endurunnum geisladiskum**.

HP ProBook 440

Hönnuð með umhverfið í huga. HP ProBook 440 sameinar léttu og uppfæranlega hönnun með endingu og öryggi í huga. HP ProBook 440 notar **endurunnið sjávarplast** í hátalarana. Þessi EPEAT® Gold-skráða og ENERGY STAR® vottaða fartölva inniheldur einnig endurunnið ál.



HP EliteDesk 800 Desktop Mini

Vél sem tekur lítið borðpláss og er fyrirferðarlítill. HP leggur áherslu á að vörur séu fluttar frá verksmiðju með skipi sem skilur eftir sig **20 sinnum minna kolefnisfótspor** miðað við flugfrakt. OK gerir slíkt hið sama og minnktar kolefnisspor sitt með því að keyra allar vörur út á rafmagnsbílum.

Að auki höfum við valið að láta lyklaborð og mýs ekki fylgja með borðtölvunum okkar. Það gerir viðskiptavinum okkar kleift að velja sér þann búnað sem þeir kjósa og dregur um leið úr förgun eða endurvinnslu íhluta sem ekki eru not fyrir.

HP E27q QHD skjár

Skjáirnir eru framleiddir úr **90% endurunnum og endurnýtanlegum efnum** og eru afhentir í umhverfisvænum umbúðum sem eru 100% endurvinnanlegar. Lögð er ofuráhersla á orkunýtni og skjáirnir fá hæstu einkunn í orkusparnaði með ENERGY STAR og EPEAT® Gold vottunum.



Leitaðu að PVC-fríum valkostum!

Til að mæta auknum kröfum um að draga úr úrgangi og notkun mengandi efna, þá fjarlægði HP alla auka skákpla og lét þar að auki fylgja með rafmagnssnúrur sem eru án PVC-efna.

PVC-fríu snúrurnar gera skjáina umhverfisvænni og með því að fjarlægja nokkra skákpla sparast u.þ.b. 40 tonn af köplum árlega.

